

# *Sýslumaðurinn á Akranesi.*

## *Langtímaáætlun 2005-2009*

### ***I. Inngangur.***

Þann 9. júní 2004 gerði dómsmálaráðuneytið og embætti sýslumannsins á Akranesi með sér árangursstjórnunarsamning er kveður á um skyldur dómsmálaráðuneytisins og embættis sýslumanns við útfærslu á lögbundnu hlutverki sýslumannsins á Akranesi ásamt því að leggja grunn að áætlanagerð og mat á árangri af starfsemi embættisins. Forveri samnings þessa er árangursstjórnunarsamningur milli sömu aðila til þriggja ára sem gerður var 23. mars 1999.

Með áætlunum, sem samningurinn kveður á um, er mótuð stefna með gerð langtímaáætlunar til næstu fjögurra ára. Með vísan til þess er hér með sett fram áætlun sýslumannsins á Akranesi er spannar sama tíma. Byggt er á reynslu undanfarandi ára þ.m.t. eldri langtímaáætlun og ársskýrslugerð, spá um þróun byggðar og atvinnumála í umdæminu og áætlun um þróun rekstrar embættisins á umræddu tímabili.

### ***II. Hlutverk sýslumannsins á Akranesi og verkefni.***

Sýslumaðurinn á Akranesi fer með stjórnýslu ríkisins í umdæminu eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um, sjá einkum lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði nr. 92/1989 sbr. lög nr. 15/1998. Honum ber að gæta laga og réttar, standa vörð um öryggi borgaranna og þjónusta almenning á sem bestan og hagkvæmestan hátt.

Aðalviðfangsefni embættisins greinist í eftirfarandi þætti:

1. Lögreglustjórn ásamt meðferð ákærvaldsins að því marki sem það fellur ekki undir ríkissaksóknara.
2. Innheimta skatta og gjalda innheimtu ríkissjóðs.
3. Almenn umboðsstörf svo sem þinglýsingar, aðfarargerðir, nauðungasölur, sífjamál, meðferð dánarbúa, lögbókandagerðir og yfirlögráð.
4. Meðferð tollamála og lögskráninga.
5. Önnur verkefni lögum samkvæmt svo sem umboð fyrir Tryggingastofnun ríkisins á sviði almannatrygginga, útgáfa á ýmsum leyfum og skírteinum, skipun landskiptanefnda, verkefni á grundvelli stjórnýslu og upplýsingalaga, utankjörfundar- atkvæðagreiðslur og önnur verkefni ótalin.

### ***III. Þróun byggðar í umdæminu og framtíðarsýn embættisins.***

#### **1. Þróun byggðar og atvinnumál.**

Á Akranesi hafa atvinnumál batnað til muna með tilkomu stóriðju á Grundatanga þ.e. álverksmiðjan og járnblendisverksmiðjan. Verið er að stækka álverksmiðjuna úr 90 þús. tonnnum upp í 180 þús tonn og hefur verið boðuð enn frekari stækkun hennar á næstu árum. Ofnum í í járnblendinu hefur verið fjölgað úr tveim í þrjá og eru áætlanir um fjölgun um einn ofn til viðbótar. Í áætlun er jafnframt bygging rafskautaverksmiðju á Katanesi, Hvalfjarðarströnd. Allar þessar framkvæmdir kalla á aukið álag á Grundartangahöfn sem verður stækkuð verulega eða um 250 metra lenging viðlegukannts. Miðað við að 65-70% vinnuafis í verksmiðjuna komi frá Akranesi þá er varlega áætlað að hér sé um að ræða rúmlega 200 ný störf sem mönnuð verði fólki búsettu á Akranesi en í þeirri tölu er ekki gert ráð fyrir jaðarstörfum. Hafnarsamruni Reykjavíkurhafna við hafnir á Grundatanga, Akranesi

og í Borgarnesi hefur jafnframt í för með sér aukningu á umsvifum hafnanna á Vesturlandi og þeirra rekstarumhverfi.<sup>1</sup>

Útgerð á Akranesi hefur gengið í gegnum töluverða endurskipulagningu sem hefur haft í för með sér meiri stöðugleika innan greinarinnar en stærsti útgerðaraðilinn, Haraldur Böðvarson hf, sameinaðist fyrirtækinu Granda hf í reykjavík og er rekið nú undir heitinu HB Grandi hf. Möguleikar fyrirtækisins á uppbyggingu á Akranesi eru fyrir hendi þar sem rúmt er þar um starfsemina, ólíkt því sem gerist á athafnarsvæði félagsins í Reykjavík.

Tilkoma Hvalfjarðarganganna hefur jafnframt aukið atvinnumöguleika fólks sem er búsett á Akranesi. Allt ofangreint, auk greiðari aðgangi að ódýrari lánsfé, hefur valdið nokkurri þenslu á húsnæðismarkaði og hækkun fasteignaverðs<sup>2</sup> sem hefur leitt af sér meiri umsetningu fasteigna og aukningu í byggingaframkvæmdum. Leynisbraut og Ásabraut eru uppbyggðar og íbúðarbygginga- framkvæmdir eru nú aðallega í svokölluðu Flatahverfi þar sem úthlutað er lóðum í klösum. Alls mun það hverfi rúma 500 íbúðir. Þar að auki er stór nýbygging með fjölda íbúða og versluna að rísa á svokölluðum Hvítanesreit við Kirkjubraut í stað húsa sem hafa verið rifin. Loks eru verulegar framkvæmdir í aðsigi á svokölluðu Skagaverstúni en þar verða reistar tvær 7-9 hæða íbúðablokkir og verslunar- og þjónustukjarni.

Íbúðum hefur fjölgað á hverju ári um nokkra tugi og hefur byggingastarfsemi farið vaxandi í samræmi við væntingar um atvinnuuppbyggingu á Grundartanga. Þar að auki er fyrirhuguð uppbygging í svokölluðu Krossalandi sem er í Innri-Akraneshreppi en liggur upp að bæjarmörkum Akraneskaupstaðar að austanverðu. Gert er ráð fyrir 2-300 íbúðum á því svæði skv. áætlunum byggingaraðila en deiliskipulag liggur þar ekki fyrir.

Íbúatala umdæmisins hefur verið að síga upp á við þegar litið er til talna síðustu ára og voru Akurnesingar 5655 þann 1. desember 2004 og hafði þá fjölgað um 581 frá 1. desember 1996 er íbúar voru þá 5.074 talsins. Miðað við 1,3%<sup>3</sup> fjölgun íbúa á ári mun íbúum fjölga um 70 til 80 manns á ári og er það varlega áætlað, að mati undirritaðs, og með vísan til byggingaframkvæmda og atvinnuuppbyggingar á svæðinu. Við fjölgun íbúa má búast við aukningu í málafjölda embættisins.

Verslun og veitingastarfsemi hefur staðið í stað og jafnvel aðeins dalað frá opnun Hvalfjarðarganganna 1998 enda hefur aðgengi íbúa umdæmisins að verslun og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu stórbatnað með tilkomu ganganna. Sú verslun, sem hefur látið undan síga, voru staðbundin fyrirtæki en fyrir vikið hafa fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu haslað sér völl í umdæminu og í tengslum við uppbyggingu í bænum hefur sókn þeirra fyrirtækja aukist.

Á þessari stundu er ekki hægt að sjá fyrir endanlega þróun verslunar en líkur standa til þess að verslun aukist aftur á svæðinu í kjölfar hnignunar áður þannig að verslun eflist með annari uppbyggingu á svæðinu. Ekki er ljóst hvernig sú þróun kemur til með að snera starfsemi embættisins á því tímabili sem langtímaáætlun þessi tekur til.

<sup>1</sup> Skipakomur erlendis frá 220-230 á ári í Grundartanga- og Akraneshöfn og fer vaxandi.

<sup>2</sup> Hækkun fasteignamats á árinu 2004 var 20%.

<sup>3</sup> Samkvæmt mannfjöldtölum og spá Akraneskaupstaðar.

## 2. Verkefni embættisins.

Verkefni sýslumanna eru bundin í lögum. Tilfærsla verkefna til og frá embættinu er því háð afstöðu löggjafans. Síðustu ár hefur tilhneigingin verið sú að auka verkefni embættanna og má þar nefna ákærvald í málaflokkum sem ríkissaksóknari átti áður ákærvald í, úrskurðir á sviði barnaréttar, ákvarðanir yfirlögráðanda, launaafgreiðsla starfsmanna með innleiðingu Oracle fjárhags- og mannauðskerfinu, starfsmannaráðningar og kjaramálefni skv. aðlögunarnefndarsamningum.

Nýlega kom fram skýrsla vinnuhóps dómsmálaráðuneytisins um nýskipan í löggæslumálum þar sem lagðar eru til veigamiklar breytingar á skipulagi löggæslunnar og stefnumótun. Óvisst er um að hve miklu leyti löggæslunni á Akranesi verði breytt í samræmi við fyrirliggjandi tillögur en langtímaáætlun þessi gerir ráð fyrir að embætti sýslumannsins á Akranesi hafi löggæsluverkefni áfram á sinni hendi og leggur fram sína stefnumótun með hliðsjón af því.

## 3. Umdæmismörk.

Mörk umdæmis sýslumannsins á Akranesi gagnvart mörkum sýslumannsins í Borgarnesi hafa verið nokkuð til skoðunar síðustu misseri. Þann 15. október 1999 skrifaði dómsmálaráðherra sýslumönnum á Akranesi og í Borgarnesi og sveitarstjórnnum Innri-Akranshrepps, Skilmannahrepps og Hvalfjarðarstrandahrepps bréf þar sem óskað var eftir afstöðu áðurtaldrá aðila við fyrirhugaðri breytingu á reglugerð nr. 57/1992 þannig að sveitarfélögin Innri-Akranshreppur, Skilmannahreppur og Hvalfjarðarstrandahreppur myndu heyra undir umdæmi sýslumannsins á Akranesi í stað umdæmis sýslumannsins í Borgarnesi. Breytingar þessar náðu ekki fram að ganga.

Þann 31. janúar 2005 var birt skýrsla vinnuhóps um nýskipan lögreglu sem gerir meðal annars að tillögu sinni sameiningu lögregluliða á Vesturlandi þannig að lögreglan á Akranesi, í Borgarnesi, Stykkishólmi og Búðardal verði sameinuð í eitt lögreglulið í einu lögregluumdæmi. Óvissa er um hvernig þær tillögur munu þróast.

Í lok ársins 2004 var kosið um sameiginlegt sveitarfélag sunnan Skarðsheiðar án þátttöku Akraneskaupstaðar og var niðurstaða kosningarinnar sú að Innri-Akranshreppur, Skilmannahreppur, Hvalfjarðarstrandahreppur og Leirár- og Melahreppur sameinuðust í eitt sveitarfélag sem í munu búa 5-600 íbúar. Í hinu nýja sveitarfélagi eru uppi áætlanir um verulega uppbyggingu íbúðarhúsnæðis nánar tiltekið í Krossalandi, Innri-Akranshreppi sem liggur upp að bæjarmörkum Akraneskaupstaðar að austanverðu.

Sameiginleg sveitarstjórn mun hinsvegar ekki verð kosin fyrr en árið 2007 og áhrif sameiningar koma ekki fram fyrr en þá. Ekki eru til staðar teikn á lofti um sameiningu hins nýja sveitarfélags við Akranes og er þess ekki að vænta að þau mál komist á rekspól fyrr en í fyrsta lagi 2009.

## IV. Leiðarljós.

Embættið mun hafa eftirgreind meginsjónarmið að leiðarljósi í starfsemi sinni:

1. Embættið mun eftir bestu getu leitast við að uppfylla lagaskyldu og önnur fyrirmæli sem um starfsemina gilda.
2. Embættið mun leggja áherslu á að veita þeim aðilum sem til þess leita góða og árangursríka þjónustu á eins skjótvirknan hátt og kostur er.
3. Embættið mun haga rekstri á sem hagkvæmastan og faglegan hátt.

## ***V. Meginmarkmið.***

Í samræmi við framgreind meginþónarmið sem höfð eru að leiðarljósi hefur embættið sett sér eftirfarandi meginmarkmið.

1. Að tileinka sér þau vinnubrögð og notkun þeirrar tækni sem best er til þess fallin að viðhalda og auka skilvirkni í starfi.
2. Að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu.
3. Að stemma stigum við afbrotum og umferðarslysum með öflugum forvarnar- og eftirlitsstarfi.
4. Að vinna að uppljóstrun afbrota.
5. Að vinna að því að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmæltum viðurlögum.
6. Að leggja áherslu á að veita þeim aðilum sem til embættisins leita góða þjónustu.
7. Að leggja áherslu á að úrlausnir mála gangi sem hraðast.
8. Að innheimta tekna ríkissjóðs verði sem skilvirkust.
9. Að embættið verði rekið á sem hagkvæmstan hátt og kostnaður verði innan fjárheimilda.
10. Að embættið leggi áherslu á að auka samstarf við aðra aðila.
11. Að móta starfsmannastefnu innan embættisins þar sem meðal annars er kveðið á um endurmenntun, þjálfun starfsmanna, jafnréttismál, frammistöðumat og starfsþróun.
12. Að tryggja gæði afgreiðslu þeirra mála sem koma til kasta embættisins, þ.e. að mál séu unnin af bestu mögulegu þekkingu hverju sinni, faglega vel unnin og gætt sé eðlilegs málshraða.
13. Að móta stefnu á sviði upplýsingatækni með það fyrir augum að greiða fyrir aðgangi borgaranna í samskiptum við embættið.

## ***VI. Lagaákvæði.***

Eins og fram hefur komið er hlutverk og verkefni embættisins útfært í lögum og reglugerðum. Má þar nefna lög um framkvæmdarvald í héraði nr. 92/1989, lögreglulög nr. 90/1996, tollalög nr. 55/1987, lög um almannatryggingar nr. 117/1993, lög um aðfarargerðir nr. 90/1989, lög um nauðungasölu nr. 91/1991, lög um þinglýsingar nr. 39/1978, barnalög nr. 76/2003, hjúskaparlög nr. 31/1993, lög um skipti á dánarbúum nr. 20/1991, lögræðislög nr. 71/1997, lög um lögskráningu sjómanna nr. 43/1987 og fl. lög allt með hliðsjón af þeim reglum sem settar eru fram í stjórnslu- og upplýsingalögum.

Sýslumaður ber ábyrgð á að embættið, sem hann stýrir, starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf sem honum er sett. Hann ber og ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir verði nýttir á árangursríkan hátt í samræmi við skyldur hans sem forstöðumaður.

## VII. Deilimarkmið.

Deilimarkmiðin eru sett fram á grundvelli meginmarkmiða. Deilimarkmiðið skal uppfylla þær skyldur að vera mælanlegt takmark sem lýsir lokaárangri tiltekins verkefnis eða þjónustu innan ákveðinna tímamarka. Frekari markmiðasetningu er ennfremur að finna í VIII. kafla í stefnumörkun varðandi starfsemi embættisins.

### Deilimarkmið 1.

#### Innfærsla á þinglýsingarhluta í Landskrá fasteigna.

**Inngangur og bakgrunnur:** Á árunum 2000-2003 var meginhluti þinglýsingabóka sýslumannsins á Akranesi færður inn í Landskrá fasteigna og er nú svo komið að 96% eignu eru þar skráðar. Er það hæsta hlutfall á landinu. Eftir standa 4% sem eru í svokölluðum misræmisfarvegi þar sem misræmi er á milli upplýsinga í stofnhluta Landskrár fasteigna og þinglýsingarbóka. Með því eru þinglýsingarnar tölvuvæddar að öllu leyti þar sem þinglýsingar á skip, bifreiðar og lausafé eru nú allar komnar inn í tölvur. Þess ber þó að geta að tölvuvæðingin hefur ekki áhrif á biðtíma eftir skjölum sem eu lögð til þinglýsingar þar sem skiladagur er einum degi eftir móttöku skjals og getur ekki orðið styttri lögum samkvæmt.

**Markmiðið** er að klára innfærslu misræmiseigna í Landskrá fasteigna þannig:

Fyrir árslok 2005 verði lokið við að færa 97% fasteigna í þinglýsingarhlutann.

Fyrir árslok 2006 verði lokið við að færa 98% fasteigna í þinglýsingarhlutann.

Fyrir árslok 2007 verði lokið við að færa 99% fasteigna í þinglýsingarhlutann.

Fyrir árslok 2008 verði lokið við að færa 100% fasteigna í þinglýsingarhlutann.

**Lýsing á framkvæmd.** Til að ná settu markmiði þarf að hafa samvinnu við byggingafultrúa Akraneskaupstaðar og starfsmenn Fasteignamats ríkisins til þess að samræma fyrirliggjandi upplýsingar þannig að leyst verði úr misræminu. Nú þegar hefur verið skrifað til þessara aðila varðandi misræmið en seinlegra hefur verið að fá svör. Farið verður kerfisbundið í hverja þá eign sem misræmi er út af á þessari stundu en þegar lokið verður við innfærslu þeirra eignu verður pantaður listi yfir þær eignir sem eru í stofnskrá en ekki eiga sér spjald í þinglýsingabók embættisins. Af þeim lista verður síðan unnið við skráningu óþinglýstra eignu í samráði við eigendur þeirra í samræmi við stofnskjöl. Fasteignamat ríkisins gefur út yfirlit yfir innfærðar eignir í þinglýsingarhluta Landskrá fasteigna fyrir alla sýslumenn þannig að tölfraðilegar upplýsingar um framvindu verkefnisins verður vitjað á heimasíðu FMR.

**Ávinningurinn** af þessari vinnu felst í gæðaaukningu þjónustunnar og innleiðing nýrrar tækni sem er best til þess fallin að viðhalda og auka skilvirkni embættisins. Þinglýsingarvottorð fyrir allar fasteignir í landinu skráðum í þinglýsingahluta Landskrár fasteigna verða afgreidd af gjaldkera í afgreiðslu embættisins um leið og þeirra er óskað sem útrýmir öllum biðtíma eftir slíkum gögnum og umstangi við að ná í þau gögn frá öðrum embættum. Hið tölvufærða kerfi heldur til haga öllum upplýsingum sem varða ferli þinglýstra og aflýstra skjala sem gerir eftirgrennslan og rakning á ferli skjals auðveldari. Innfærslan í tölvur á einnig að hafa í för með sér vinnuhagræðingu við þinglýsingar og þar af leiðandi hagkvæmari rekstur. Til þess að hagræðið komi inn að fullu þurfa eins margar fasteignir eins og mögulegt er að komast inn í þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna auk þess sem leysa þarf úr misræmi milli þessara tveggja skráa.

## Deilimarkmið 2

### Bætt innheimta opinberra gjalda.

**Inngangur og staða.** Sýslumaðurinn á Akranesi hefur með höndum innheimtu ríkissjóðs í umdæminu að því leyti sem hún er ekki falin öðrum. Innheimta hefur síðustu ár verið allgóð en reynt verður að gera betur.

**Markmiðið.** Stefnt er að því að bæta almennt innheimtu allra opinberra gjalda frá því sem nú er. Embættið setur sér það markmið að vera í einhverju af sex efstu sætunum skv. yfirliti yfir innheimtuárangur fyrir alla innheimtumenn í landinu. Ekki þykir rétt að setja fram töluleg markmið þar sem innheimtuárangur sveiflast milli ára og innan árs vegna efnahagslegra ástæðna úti í þjóðfélaginu og ákvarðana skattstjóra. Því er talið heppilegra að miða árangurinn í samanburði við árangur annarra innheimtumanna þar sem innheimta yfir landið ætti að sæta sömu sveiflum.

**Lýsing á framkvæmd.** Til þess að ná betri innheimtuárangri þá skal lögð áhersla á kaupgreiðaendamerkingar í opinberum gjöldum einstaklinga. Innheimtubréf skal fylgt eftir með aðför eftir að frestir skv. innheimtubréfum eru útrunnir. Samningum um greiðsludreifingu skal stillt upp þannig að skuldir greiðist innan hæfilegs tíma. Eftirfylgni með efndum samninga verður eflid. Sýslumaður tekur sjálfur að sér samskipti og samninga við erfiðustu skuldarana. Mæling á árangri innheimtunnar er mæld reglulega af þjónustudeild Tollstjórans í Reykjavík og verður staðan tekin í fyrsta yfirliti eftir áramót svo hægt verði að nota samantektina fyrir ársskýrslugerð.

**Ávinningurinn** er sá að tekjur ríkisins skila sér frekar og fyrr til ríkissjóðs. Innheimta tekna ríkissjóðs verður með því sem skilvirkust. Gjaldendur losna við að greiða íþyngjandi dráttarvexti, réttargjöld og verða síður fyrir ónæði af völdum innheimtunnar með því að gripið er fyrr inn í vanskilaferlið. Tövlukerfi TBR verður nýtt til hins ýtrasta við úrvinnslu þessa verkefnis.

## Deilimarkmið 3

### Endur- og símenntun starfsmanna SFR.

**Staðan.** Með stofnanasamningi milli sýslumanna og SFR var samið á þá leið að gera skal áætlun um nám starfsmannsins og velja eftir atvikum námskeið af námskrá Starfsmenntar<sup>4</sup> sem sett verða á laggirnar haustið 2005. Um er að ræða bæði almenn og sértæk námskeið sem miðuð eru við starfsemi embættanna. Önnur námskeið og starfsþróun gæti einnig komið hér til álita þar með talin starfsmannaskipti samkvæmt tilraunaverkefni fjármálaráðuneytisins til þriggja ára um starfsmannaskipti.

**Markmiðið** er að búið verði að gera starfsnámsáætlun við alla félagi í SFR fyrir árslok 2006 og að 60% starfsmanna taki þátt árlega í námskeiðum sem í boði eru. Gert er ráð fyrir skráningu á námskeiðsáföngum í Oracle fjárhags- og mannauðskerfið þannig að hægt verði að telja út hversu margir hafa bætt við sig námskeiðum á árinu.

**Ávinningurinn** að við embættið starfi hæfir og menntaðir starfsmenn sem hafi tók á að leysa sín verkefni á faglegan og skilvirkann hátt. Sýslumaður hefur á hendi þekkingarstjórnun sinna starfsmanna.

---

<sup>4</sup> Járnsíðan svokallaða.

#### *Deilimarkmið 4*

### **Símenntun lögreglumanna.**

**Staðan.** Lögreglumönnum hefur verið gefinn kostur á að sækja námskeið Lögregluskólans eftir því sem tók og þörf hafa verið á.

**Markmiðið** Að lögreglumönnum verði gefinn kostur á að sækja símenntunarnámskeið ( SÍM 1 -2 -3 ) í Lögregluskóla ríkisins þegar þeir hafa náð þeim starfsaldri sem viðkomandi námskeið byggir á.

Þá verði lögreglumönnum eftir atvikum gefinn kostur á að sækja sérhæfð námskeið LSR er tengjast starfinu, bæði þau er lúta að sérhæfingu einstakra starfsmanna og eins þau er lúta að almennri starfsþekkingu.

Stefnt skal að föstum, skipulögðum æfinga og kennslutímum hjá lögreglumönnum en í þeim tímum þjálfa lögreglumenn sig í að takast á við vandasöm verkefni á faglegan og skilvirkan hátt. Mælikvarðinn er talning þeirra sem fara á námskeið og fjölda æfingatíma hjá lögreglumönnum.

**Ávinningurinn** að við embættið starfi hæfir og menntaðir starfsmenn sem hafi tók á að leysa sín verkefni á faglegan og skilvirkan hátt og skili betri árangri á refsivörsluviðinu.

#### *Deilimarkmið 5*

### **Aukinn málshraði opinberra mála í rannsókn hjá lögreglu.**

**Staðan.** Á undanförunum árum hefur verið unnið í að ganga frá málum sem hafa verið í biðstöðu í málaskrá og er því verki lokið.

Að lokinni rannókn mála hjá lögreglu eru þau send sýslumanni til úrvinnslu. Afgreiðslur mála geta verið ýmiskonar svo sem sektarboð, sektargerðir, felld niður, fallið frá saksókn, saksókn með útgáfu ákæru og framsending til annarra embætta. Stefnt er að því að auka skilvirkni í afgreiðslu þessara mála.

#### **Málshraði hjá lögreglu.**

Markmið að hraða frágangi/afgreiðslu mála og erinda hjá lögreglu svo sem kostur er. Gerð er krafa til lögreglumanna að þeir skili af sér málum sem upp koma á vakt fyrir lok vinnudags. Málum sem fara í framhaldsrannsókn sé úthlutað svo fljótt sem verða má svo rannsókn geti hafist sem allra fyrst.

Erindum og kærnum sem upp koma utan skrifstofutíma skal undantekningalaust sinnt af vaktinni eða eftir atvikum rannsakari kallaður út.

**Ávinningurinn** er að mál dragast ekki úr hófi og borgarinn fær niðurstöðu innan hæfilegs tíma í þeim málum sem hann varðar. Líkur á því að mál upplýsist aukast við þessi vinnubrögð þannig að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmæltum viðurlögum. Málin fá skilvirka og hraða afgreiðslu.

#### *Deilimarkmið 6*

### **Aukinn málshraði opinberra mála að lokinni rannsókn hjá lögreglu.**

**Staðan.** Að lokinni rannókn mála hjá lögreglu eru þau send sýslumanni til úrvinnslu. Afgreiðslur mála geta verið ýmiskonar svo sem sektarboð, sektargerðir, felld niður, fallið frá saksókn, saksókn með útgáfu ákæru og framsending til annarra embætta. Stefnt er að því að auka skilvirkni í afgreiðslu þessara mála.

**Markmiðið** er að öll mál frá lögreglu á tímabilinu fái viðeigandi afgreiðslu innan tveggja vikna frá því að þau koma frá lögreglu til afgreiðslu sýslumanns. Mögulegt er að mæla afraksturinn út frá málaskrá lögreglunnar en málin eru skráð til afgreiðslu sýslumanns þegar rannsókn er lokið og eins er afgreiðsla þeirra hjá sýslumanni skráð um leið og hún er ákveðin. Að öll líkamsárasmál verði unnin innan þess frest sem ríkissaksóknari setur um málsmeðferðartíma þeirra mála.

**Framkvæmdin** er sú að í upphafi tímabilsins verða fyrirbyggjandi mál unnin þannig að mál í biðstöðu hverfi. Mál sem koma inn verða unnin jöfnum höndum og þess gætt að þau safnist ekki upp.

**Ávinningurinn** er að mál dragast ekki úr hófi og borgarinn fær niðurstöðu innan hæfilegs tíma í þeim málum sem hann varðar. Málin fá skilvirka afgreiðslu og ekki myndast flöskuhálsar í afgreiðslum þeirra og uppsöfnun mála. Úrlausnir mála ganga sem hraðast og minni hættu er að réttarspjöll verði á framgangi opinberra mála vegna seinangangs við afgreiðslu þeirra.

### *Deilimarkmið 7.*

#### **Forvarnastarf lögreglu við afbrotum barna.**

**Staðan.** Gildi þeirrar vinnu sem lögð er í forvarnastarf er ótvírætt. Hér er því hugsað til framtíðar og lögð áhersla á að koma í veg fyrir að ungmenni leiðist út á vafasamar brautir og stefni með því framtíð sinni í hættu. Grunnur að þessu starfi er lagður með umferðarfræðslunni meðan börnin eru ung þar sem fræðslan hefur tvíþættan tilgang, það er að efla jákvætt viðhorf til lögreglu og auka öryggi barna í umferðinni

Um skeið hefur lögreglan haft með höndum umferðarfræðslu í barnaskólum bæjarins í 1.-5. bekk en við það tækifæri hafa börnin haft kynni af lögreglumönnum liðsins. Svokallað POR verkefni er nú rekið innan grunnskólanna sem gerir ráð fyrir komu lögreglumanna í bekkina nokkrum sinnum á skólaárinu. Byrjað er í 5. bekk þar meginhluti verkefnis er lagður fyrir en síðan er þeim fylgt eftir með stöku heimsóknum til loka skólaskyldu. Lögð er áhersla á að sömu lögreglumennirnir sinni verkefninu þannig að hver á sinn bekk til þess að efla persónuleg tengsl lögreglumanns og nemanda. Lögð hefur verið áhersla á útivistarreglur barna á haustin með því að sýslumaður og lögregluvarðstjóri hefur rætt við foreldra 8., 9. og 10. bekkjar grunnskólanna á fundum í skólunum þar sem lýst hefur verið samhengi milli þess að útivistarreglur eru brotnar og þeirrar hættu að börn komist í kynni við fíkniefni. Einnig hefur lögreglan haft eftirlit með samkomum í skólunum og farið inn á öll böll Fjölbrotarskólans síðasta vetur.

**Markmiðið** er að lögreglan auki fræðslu í skólunum fyrir nemendur 8, 9. og 10. bekk um 1. klst á vetri á tímabilinu þannig að í lok tímabilsins standi fræðsla yfir í 3 klst á vetri. Umferðarfræðsla yngri nemenda verði gerð markviss og sett verða lágmyrk á viðveru lögreglu hjá þeim. Einnig að reykingar og neysla áfengis og fíkniefna mælist a.m.k. 4 % undir landsmeðaltali. Þorverkefnið verði framhaldið áfram í grunnskólanum og aðlagð breyttum aðstæðum.

**Framkvæmdinni** verður þannig háttáð að verkefnið er falið tveimur lögreglumönnum til framkvæmdar en annar þeirra hefur starfað við kennslu. Nálgun þeirra á verkefninu verður byggð á svokölluðu POR námsefni. Einnig verður lagt út frá sjónamiðum “Lífsleikni” og “Lions quest” en allt byggir þetta á að byggja upp sjálfsmynd einstaklings sem tekur sjálfstæðar ákvarðanir um eigin heilsu og gerir upp á milli þeirra tilboða sem hann stendur frammi fyrir. Unnið verður í samráði við tólmstunda- og forvarnarfulltrúa Akraneskaupstaðar. Mælingar á framlagi verða talningar á þeim

klukkustundum sem varið er á hvern bekk og með upplýsingum úr Espab könnun sem lögð er fyrir nemendur í efri bekkjum grunnskólans um reykingar og neyslu áfengis og fíkniefna.

**Ávinningurinn** er margþættur en sem dæmi má nefna betri tengsl milli lögreglu og ungmenna og minni fíkniefnaneysla yngra fólks. Stemmt er stigum við allri brotastarfsemi og umferðarslysum með öflugum forvarnarstarfi sem börn og ungmenni eiga aðild að.

#### *Deilimarkmið 8.*

### **Æfingar almannavarna.**

**Staðan.** Á Akranesi er öflugt neyðar- og björgunarlið sem hægt er að virkja á neyðarstundu. Í aðgerðum hafa þessir aðilar sýnt gott samstarf og unnið sem einn maður. Í umdæminu hafa þó ekki orðið alvarleg hópslys sem en í ljósi rútuslyss við bæjarmörkin í október 2004 er brýnt að samhæfa viðbrögð neyðaraðila auk þess sem almannavörnum er það skylt að viðhalda tilteknum viðbúnaði. Sýslumaður er formaður almannavarnanefndar Akraness og stýrir jafnframt aðgerðum á neyðarstundu.

**Markmið.** Að samstillja vinnu neyðarliða og björgunarsveita með æfingum til þess að gera þeim betur kleift að takast á við sín erfiðu verkefni á vátímum.

**Framkvæmd.** Sett verður fram æfingaáætlun hvers árs í lok líðandi árs á undan. Æfðir verði annarsvegar stakir verkþættir og hinsvegar stærri samræmdar æfingar. Æfingaáætlun ársins 2005 liggur fyrir og hefur verið skipað í undirbúningshóp fyrir framkvæmd hennar. Talning á æfingum og þátttakendum á þeim er mælikvarði þess hvernig til hefur tekist auk skýrslna um framvindu æfinga.

**Ávinningurinn.** Er öflugt, hæft og samhæft neyðarlið sem er tilbúið til að takast á við erfið verkefni á vátímum og tryggja þar með öryggi borgaranna.

#### *Deilimarkmið 9.*

### **Stefnumótun og markmið lögreglu frá ári til árs.**

**Staðan.** Samfara vaxandi og flóknari verkefnum hefur lögreglan í landinu í auknum mæli sett sér löggæslumarkmið um leið og árangur af undangengnu starfi hefur verið metinn. Ástæða er þó til að koma þessu starfi í fasta skorður og með þeim hætti að sýnilegt sé öllum starfsmönnum.

**Markmið.** Að samstillja vinnu lögreglumanna þannig að allir vinni að sömu markmiðum í þeim tilgangi að auka skilvirkni starfsseminar og um leið öryggi borgaranna.

**Framkvæmd.** Um hver áramót setur lögregla sér löggæslumarkmið og mótar stefnu komandi árs. Stefnumótunin skal sett fram á prentuðu formi sem er úthlutað til allra hlutaðeigandi og kynnt lögreglumönnum í upphafi árs. Reynt er eftir föngum að setja markmiðin þannig fram að hægt sé að mæla árangur þegar á líður. Í árslok er stefnumótun ársins gerð upp með könnun á því hvort markmiðin náðust eða ekki.

**Ávinningurinn.** Starfskröftum lögreglu er í auknu mæli beint að fyrirfram ákveðnum viðfangsefnum það er þeim verkefnum sem á hverjum tíma eru talin mest áriðandi. Með þessu móti verður vinnan markvissari og árangur sýnilegri og betri.

### *Deilimarkmið 10.*

#### **Skipurit embættisins, starfskipan, verkferlar og frammistöðumat.**

**Staðan.** Á síðustu misserum hefur verið gerð aukin krafa til framleiðni ríkisstofnana og að þær skili meiru fyrir sama rekstrarframlag. Við þessu þarf að bregðast með betra skipulagi á innri starfsemi stofnunarinnar. Þrátt fyrir að verkaskipting sé nokkuð skýr innan embættisins vantar að gerð sé grein fyrir verkaskiptingu innan stofnunarinnar með sýnilegum hætti og ganga þarf frá markatilvikum og staðgengilsálum. Við gerð aðlögunarnefndarsamninga var hluti af launaákvörðunum færður til yfirmanna stofnana. Sem stendur er ekki farið yfir starfsafrakstur starfsmanns á tilteknu tímabili sem skapar vandkvæði við umsóknir um stöðuhækkunar og launahækkunar.

**Markmiðið** er að setja upp heilstætt skipurit fyrir embættið á árinu 2005, skráðar verði verklýsingar fyrir hvern starfsmann á árinu 2006, útlistaðir verði verkferlar þeirra verkefna sem embættinu er falið að vinna úr á árinu 2007 og unnið verði að tilhögun frammistöðumats starfsmanna á árinu 2006-2008.

**Framkvæmdin** verður þannig að sýslumaður mun vinna að skipuriti embættisins í samráði við skrifstofustjóra og yfirlögregluþjón. Starfslýsingar verða unnar af starfsmönnum undir leiðsögn yfirmanna á stöðluðu eyðublaðaformi. Út frá því verða verkferlar síðan raktir og helst sett niður markmið um það hversu langan tíma verkefnið tekur. Að öllu þessu fengnu verður undirbúin aðferð við að framkvæma frammistöðumat sem endar með árlegu viðtali við hvern starfsmann þar sem greið skoðaskipti eiga sér stað um það sem betur má fara. Reynt verður að koma upp einhverskonar umbunarkerfi fyrir vel unnið starf að ákveðnu settu markmiði. Farið verður yfir afrakstur þessa við gerð ársskýrslu hverju sinni.

**Ávinningurinn** er heildstæðari starfsmannastefna, fagleg vinnubrögð, starfsemi embættisins er gegnsærri og verkaskipting verður enn skýrari.

### *Deilimarkmið 11.*

#### **Kostnaður embættisins.**

**Staðan.** Embætti sýslumannsins á Akranesi hefur verið rekið innan fjárheimilda síðustu fjögur ár en jafnframt á embættið nokkurn rekstrarafgang frá síðurstu árum. Er um algeran viðsnúning að ræða þar sem samfelldur hallarekstur var um árabíl á embættinu fram til ársins 2000. Tilteknar ákvarðanir um mönnun í lögreglu umfram venjuleg stöðugildi munu tímabundið leiða til útgjaldaaukningar hjá lögreglu fram til ársins 2007 sem svarar til kr. 2 milljóna á ári. Embættið á uppsafnaðan tekjuafgang til að mæta þeim lið þannig að sú ráðstöfun kemur ekki að sök. Að öðru leyti hafa rekstraráætlanir gengið eftir að mestu leyti með vægum frávikum.

**Markmiðið** er að útgjöld embættisins verði innan fjárlagaheimilda á tímabilinu 2005 til og með árinu 2009 og að frávik frá rekstraráætlun samanlagðra viðfanga verði innan við 2,0% á hverju ári.

**Framkvæmdin.** Til að ná settu markmiði verður lögð aukin vinna í undirbúning og gerð rekstraráætlana og teknar inn sem flestar forsendur er áhrif geta haft á útgjöldin til hækkunar og lækkunar. Rekstraráætlunin verður endurskoðuð og uppfærð tvisvar á ári með hliðsjón af verðlags- og kjaraforsendum sem og fjárlagaheimildum ef þörf krefur. Árangurinn yrði mældur með samanburði rekstraráætlana og raunútgjalda í Oracle fjárhags- og mannauðskerfi og með samanburði fjárheimilda og raunútgjalda á sama vettvangi.

**Ávinningurinn** er meiri hagkvæmni og að tekið verður strax á ófyrirséðri útgjaldaaukningu á byrjunarstigi. Rekstur embættisins verður stöðugri út árið og síður verður þörf fyrir sértækar aðhaldsaðgerðir seinni hluta ársins sem myndu bitna á þjónustustiginu. Með kostnaðaraðhaldi og vel ígrundaðri kostnaðaráætlun verður tryggt að embættið verður rekið á sem hagkvæmastan hátt og kostnaður verður innan fjárheimilda.

## ***VIII. Stefnumörkun varðandi starfsemi embættisins.***

### **1. Húsnæðismál og skrifstofubúnaður.**

Embættið hefur til afnota hluta af tveimur fasteignum, annarsvegar hluti hússins nr. 16-18 við Stillholt fyrir aðalskrifstofu og hinsvegar hluta hússins nr. 13 við Þjóðbraut fyrir lögreglustöð. Báðir fasteignahlutarnir eru í eigu Fasteigna ríkissjóðs og leigir embættið af þeirri stofnun fasteignirnar. Viðhald fasteignana er því á hendi Fasteigna ríkissjóðs en þar sem húsnæðið er tiltölulega nýlegt<sup>5</sup> þá er enn ekki komin sérstök viðhaldsþörf á það. Embættið mun vanda til við gerð viðhaldsáætlunar árlega til þess að ástand húsnæðisins hraki ekki. Til stendur að fjármálaráðuneytið kaupi hluta af rými ÁTVR í húsnæðinu við Þjóðbraut og stækkun verði við það á lögreglustöðinni.

Vegna umboðs embættisins fyrir almannatryggingar þarf aðgengi fatlaðra að aðalskrifstofu að vera gott. Aðgengi þeirra hefur verið bætt á síðustu árum og eru 2 bílastæði sérmerkt fyrir fatlaða næst inngangi hússins. Aflíðandi kantur er af bílastæðunum og upp á gangstétt fyrir framan húsið. Lyfta er í húsinu en einna helst má setja út á hurð út á sameignina sem faratálmi fyrir fatlaða. Sýslumaður mun beita sér fyrir því að rafræn læsing verði sett á umrædda hurð með sjálfvirkum dyraopnara til að auðvelda aðgengi fatlaðra að fasteigninni.

Rúmt er um starfsemina og skrifstofubúnaður tiltölulega nýlegur. Tölvur voru endurnýjaðar á árinu 2003 af samstarfshópi um upplýsingakerfi sýslumanna og einnig voru ljósritunarvélar á aðalskrifstofu endurnýjaðar á árunum 1999 og 2000. Faxtæki og ljósritunarvél voru keypt fyrir lögreglu á árinu 2002. Stefna embættisins við innkaup er sú að kaupa sem mest af rekstrar- og tækjavöru í rammisamningsumhverfi og í samræmi við stefnu ríkisins um opinber innkaup sem og að leita lægstu verða. Rekstarvara er keypt í samræmi við þörf hverju sinni en stofnkaup er skylt að bera undir sýslumann sem og veruleg útgjöld vegna viðgerða og endurnýjunar.

Embættið hefur innleitt notkun á innkaupakorti ríkisins til innkaupa fyrir aðalskrifstofu og hefur skrifstofustjórinn það á hendi. Fastir rekstrarliðir<sup>6</sup> hafa verið færðir á innkaupakortið. Notkun kortsins er ætlað að lækka kostnað við greiðslu smáreikninga. Leitað verður leiða til að skerpa á innkaupaferlinu hjá lögreglu og innleiða innkaupakort ríkisins í starfsemi hennar.

### **2. Fjármál embættis.**

Eins og fram kemur í deilimarkmiði er ráðgert að halda útgjöldum innan fjárheimilda og að rekstraráætlanir standist eins og skylt er. Þrátt fyrir góðan ásetning í áætlanagerð og aðhald í rekstri embættisins kunna að koma upp ófyrirsjáanleg tilvik sem raska þeim fyrirætlunum. Í ljósi þess mun sýslumaður í lok hves árs gera samanburð á annarsvegar rekstrarútgjöldum við rekstraráætlanir og hinsvegar bera

<sup>5</sup> Þjóðbraut 13 tekin í notkun 1993 og Stillholt 16-18 árið 1995.

<sup>6</sup> Svo sem rafmagn, hiti, sími, áskrift og afnotagjöld RÚV

niðurstöðu þess við fjárheimildir. Tilgangurinn er að finna þau rekstrarútgjöld sem farið hafa fram yfir rekstraráætlanir og finna orsakir þess að áætlun stóðst ekki það árið. Ennfremur að meta hvort þær orsakir eru tímabundnar eða til frambúðar og taka mið af því við gerð næstu rekstraráætlunar og eftir atvikum við gerð fjárlagatillagna.

Í samanburði við fjárheimildir verður leitast við að meta hvort útgjaldaaukning skekkir fjárlagarammann þannig að sækja þurfi um auknar fjárheimildir eða hvort hægt er að leysa úr með millifærslu milli útgjaldategunda sem er fyrsti kostur í stöðunni.

Embættið mun beita sér fyrir því að rekstur embættisins sé í samræmi við fjárheimildir og að fjárheimildir endurspegli raunverulega fjárþörf.

### **3. Starfsmannamál.**

Embættið vill að starfsemi þess einkennist af gæðum í þjónustu. Að leysa úr erindum borgaranna við embættið er meginviðfangsefni þess. Erindin eru mörg hver mjög vandmeðfarin og úrlausn þeirra afdrifarík fyrir borgarann. Því mun embættið leggja áherslu á að koma fram af heiðarleika og gæta ráðvæðni í starfsemi sinni í þeirri viðleitni að skapa traust á embættinu meðal samfélagsins og öðlast virðingu. Embættið gerir því kröfur til starfsmanna sinna, jafnt sem stjórnenda, um heiðaleika, þjónustulund, vandvirkni, skilvirki og samræmi í vinnubrögðum. Embættið mun á móti koma fram við starfsmenn sína af hreinskilni, með virðingu og sanngirni.

Meginforsenda fyrir góðum árangri í starfi er heildstæð starfsmannastefna. Stefnit verður að því að starfsmannastefna skapi skilyrði til að starfsfólk embættisins leggi sitt besta af mörkum. Lögð verður áhersla á góð samskipti starfsmanna, starfsánægju, hvatningu og umbun fyrir vel unnin störf og að tryggja að starfsmenn hafi þekkingu og hæfni til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra af hálfu embættisins og þeirra sem þjónustunnar leita. Góð vinnubrögð og verkunnátta tryggir betri úrlausnir þeirra verkefna sem starfsmönnum eru falin. Embættið líður ekki einelti<sup>7</sup> á vinnustað og mun taka hart á slíku athæfi komi það upp.

Embættið telur því nauðsynlegt að innleiða og móta starfsmannastefnu þar sem meðal annars er kveðið á um endurmenntun, þjálfun starfsmanna, jafnréttismál, frammistöðumat og starfsþróun. Starfsþróun verði tekið með í mótun áætlunar um starfsþróunaráætlun í tengslum við Járnsíðuna.

### **4. Heilsuvernd starfsmanna.**

Embætti sýslumannsins á Akranesi leggur áherslu á heilsuvernd og heilbrigði á sínum vinnustað. Embættið er upplýst um hversu mikið getur tapast vegna atvinnutengdra sjúkdóma og slysa. Við því hefur verið brugðist með skipulögðu heilsufarseftirliti og heilbrigðisráðgjöf allt frá árinu 2003 sem framkvæmt er af Saga heilsu. Ávinningur af heilsufarseftirliti er annarsvegar geta mælingarnar komið í veg fyrir langtímaveikindi og brottfall frá starfi og hinsvegar er hagur starfsmannsins fólgin í betri heilsu sem auka lífsgæðin. Starfsmaðurinn er betur meðvitaður um líkamlegt ástand sitt og bjargráð þannig að starfsánægja eykst.

Viðtökur starfsmanna við heilsufarseftirlit hafa verið góðar en eftirlitið fer fram á haustin auk þess sem starfsmönnum er gefinn kostur á influensuspauptu við sama tækifæri. Almennar niðurstöður úr eftirlitinu eru síðan kynntar sýslumanni til athugunar og eftir atvikum aðgerða sem felast fyrst og fremst í framlagi til heilsueflingar. Í ljósi þess hversu margir starfsmenn eru umfram kjörþyngd styður embættið starfsmenn sína til iðkunnar íþróttar svo sem sund, leikfimi, fótbolta og fleira

<sup>7</sup> Bæklingur SFR útg. 2004 um samstöðu gegn einelti á vinnustöðum hefur verið kynntur og embættið tekur undir efni hans.

með greiðsluþáttöku í kostnaði eða með leigu á íþróttahúsnæði. Auk þess hefur vinnuaðstaða starfsmanna verið skoðuð og metin af starfsiðjuþjálfara og þær úrbætur gerðar sem hann lagði til. Áætlað er að vinnustöðvar verði skoðaðar á a.m.k. fjögurra ára fresti.

Einnig eru til skoðunar á embættinu mannelisleg atriði svo sem þeir drykkir sem boðið er upp á á vinnustað og eftir atvikum stuðla að neyslu ávaxta á vinnustað í stað kex eða sælgætis.

Velt er upp þeim möguleika að setja fram mannelisleg markmið í formi deilimarkmiða þar sem mælikvarðinn er fenginn með niðurstöðum í heilsufarseftirliti og talningu veikindadaga. Vegna þess hversu heilsuvernd starfsmanna er ný af nálinni telur embættið þó rétt að leyfa þeim málum að þróast áfram áður en þau markmið verði sett fram sem deilimarkmið.

## **5. Upplýsingamiðlun.**

Til þess að allir starfsmenn embættisins vinni að sameiginlegum markmiðum þurfa þeir að vita hvernig staðan er hverju sinni. Stefnt verður að því að auka upplýsingaflæðið innan embættisins þannig að starfsmenn þess verði meðvitaðir um hvernig gengur að ná settum markmiðum og finna leiðir til að leysa úr vandamálum við að ná settum markmiðum. Aukið flæði upplýsinga verður tryggt með starfsmannafundum á aðalskrifstofu á tveggja mánaða fresti þar sem farið verður yfir stöðu mála og jafnframt farið yfir nýjungar og hugsanlega breytingar á starfsemi embættisins. Á þessum fundum verður jafnframt skipst á skoðunum og lýst eftir tillögum starfsmanna til úrlausnar á aðsteðjandi málum. Yfirlögregluþjónn heldur fundi með lögreglumönnum um sama efni þegar tilefni er til. Tölvupóstur með safnpóstföngum innan embættis gerir upplýsingadreifingu auðveldari og minnkar þörfina á fundum.

Til að bæta upplýsingamiðlun til almennings var sett upp heimasíða sem rekin er af Sýslumannafélagi Íslands þar sem fram koma upplýsingar um starfsemi embættanna og málaflokkana sem undir embættin heyra. Síðan var opnuð í janúar og er það von sýslumanna að hún gagnist borgurunum vel og bæti við þjónustuna með innleiðingu nýrrar tækni. Embættið einsetur sér að nota heimasíðuna til upplýsingagjafar og miðla þess utan sem mest tæmandi upplýsingum um starfsemina til almennings. Það mun leggja sig fram um að vísa á réttar stjórnsýsluleiðir eigi fyrirspurn ekki við starfsemi embættisins.

## **6. Samstarf við önnur embætti og menntunarmál.**

Embætti sýslumannsins á Akranesi hefur átt samstarf við lögregluembættin á Vesturlandi og í Reykjavík um löggæsluverkefni í og við umdæmi lögreglunnar á Akranesi. Í janúar 2005 var undirritaður, af hálfu lögreglunnar í Reykjavík og á Akranesi, samningur um sérstakst samstarf lögreglu á Akranesi, Kjalarnesi, Kjós og eftir atvikum í Mosfellsbæ í samræmi við niðurstöðu fundar lögreglustjóra á Vesturlandi þann 21. október sl. Má þar sérstaklega nefna sameiginleg verkefni í umferðarmálum í nágrenni Akraness og í Hvalfjarðargöngum. Embættið hefur áætlanir um að bjóða sýslumanns-embættinu í Borgarnesi samning um sama efni.

Um stórar umferðarhelgar hafa verið settar niður sértækar áætlanir um löggæslu í umdæmi sýslumannsins í Borgarnesi og hefur lögreglan á Akranesi veitt aðstoð við þá löggæslu eftir því sem tók hafa verið á. Í fíkniefnamálum hefur embættið haft samstarf við fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík og tollgæsluna í Reykjavík meðal annars með útvegum leitarhunda í húsleitir. Samráð og samvinna

hefur verið haft við lögregluna í Borgarnesi varðandi fíkniefnamál á svæðinu en ljóst er að sömu aðilar koma við sögu í báðum umdæmum.

Ljóst er að samstarf við önnur embætti á sviði löggæslu mun styrkjast á næstu árum en óvíst er hvaða áhrif tillögur um nýskipan löggæslu munu hafa á það. Embættið mun leggja sitt af mörkum til að styðja þróun samstarfs og taka að sér að leiða samstarfið sé þess þörf.

Embættið hefur jafnan haft á að skipa lögreglumönnum sem hafa hlotið menntun við Lögregluskóla ríkisins. Allir lögreglumenn í liði lögreglunnar á Akranesi eru brautskráðir frá Lögregluskóla ríkisins.

Nauðsynlegt er að starfsfólk fái tækifæri til þjálfunar og endurmenntunar, sérstaklega á sviði tölvumála. Lögregluskóli ríkisins og ríkisbókhald, ásamt námskeiðum fyrir starfsfólk í SFR hafa staðið fyrir slíkri endurmenntun með allgóðum árangri. Námskrá Starfsmenntar á grundvelli Járnsíðuverkefnisins verður birt innan tíðar og verða starfsmenn hvattir til að taka þátt í þeim námskeiðum. Stefnt er að því að starfsmenn njóti áfram endurmenntunar í samræmi við þarfir embættisins um menntun þeirra og fyrirætlanir um starfsþróun þeirra.

Allir starfsmenn embættisins hafa sótt námskeið í skyndihjálp.

Embættið hefur tekið þátt í starfsmannaskiptum og gert sitt ytrasta til að þess að gera starfsmönnum kleift að taka þátt í slíkum skiptum. Má í því sambandi nefna “lán” á lögreglumanni í efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans um nokkurra mánaða skeið, launalaust leyfi til handa lögreglumanni sem starfar um 8 mánaða skeið hjá lögreglunni í Kópavogi, fyrirætlanir um launalaust leyfi fyrir fulltrúa til að starfa í einkamálaskrifstofu dómsmálaráðuneytisins í 8 mánuði auk daglangra skipta á starfsmanni við embætti sýslumannsins í Kópavogi. Embættið telur sig hafa ávinning af slíkri útrás starfsmanna sinna þar sem þeir koma til baka með nýja strauma og aukna þekkingu á sínu sviði. Hinsvegar þarf embættið að gæta þess að fjarvera starfsmanns skapi ekki lækkun á þjónustustigi embættisins á meðan á fjarveru hans stendur. Embættið hefur því leitast við að ráða í þær stöður tímabundið.

## **7. Samskipti við fjölmiðla.**

Embætti sýslumannsins á Akranesi vill eiga góð og hagnýt samskipti við fjölmiðla. Fréttum af starfsemi embættisins verður komið á framfæri við fjölmiðla þegar ástæða þykir til auk þess sem brýnt er fyrir starfsfólki embættisins að sýna starfi fjölmiðla tillitsemi og virðingu. Að sama skapi leitast embættið við að frétttaflutningur af starfsemi þess sé sannleikanum samkvæmur og mun stuðla að því að svo muni verða. Um nokkurt skeið hefur verið tíðkað að senda fjölmiðlum fréttatilkynningar um athyglisverð atriði í starfsemi embættisins og mun því verða framhaldið enda fallið í góðan jarðveg. En með því móti má jafnframt hafa nokkra stjórn á því hvert frétttaflutningur af störfum embættisins stefnir. Þeir sem hafa helst á hendi samskipti við fjölmiðla eru sýslumaður og yfirlögregluþjónn en yfirmenn vakta veita nauðsynlegar upplýsingar um mál sem upp koma utan dagvinnutíma. Sýslumaður og yfirlögregluþjónn hafa sótt námskeið um samskipti við fjölmiðla til þess að vera betur í stakk búnir til að leysa verkefnið af hendi.

## **8. Jafnréttismál.**

Stefnt er að því að starfsemi embættisins henti jafnt konum sem körlum og stefnt er að jafnri stöðu kynjanna í hvívetna. Æskilegt er að til starfa við embættið veljist jafnt konur sem karlar. Á aðalskrifstofu starfa 11 starfsmenn en þar af eru 9 konur. Á lögreglustöðinni starfa 13 starfsmenn en þar af eru 2 konur. Af 12

lögreglumönnum sem starfa við embættið er 1 kona. Hlutur kvenna við afleysingar í lögreglu hafa vaxið og hafa 1-2 konur leyst af í lögreglu á sumrin.

Það er markmið embættisins að auka hlut kvenna í lögregluliðinu. Embættið mun starfa að þessum málum í samræmi við skýrslu nefndar um bættu stöðu kvenna innan lögreglunnar til dómsmálaráðuneytisins 1997 og hvetja sérstaklega konur til að sækja um í starfsauglýsingum sínum. Embættið mun leitast við að gera starf í lögreglunni á Akranesi eftirsóknarvert til að auka vægi kvenna í liðinu.

Embætti leggur áherslu á jafna stöðu og jöfn kjör karla og kvenna við embættið. Embættið mun ekki mismuna eftir kynferði við ákvörðun launakjara starfsmanna og gera báðum kynjum jafnkleift að sækja um stöður sem losna og stöðuhækkunarir. Embættið líður ekki kynferðislega áreitni á vinnustað og mun taka hart á slíku athæfi komi það upp.

Til þess jafnrétti kynjanna verði sem best tryggt innan embættis mun sýslumaður, og eftir atvikum starfsmannastjóri, sækja námskeið Jafnréttisstofu sem haldið verður að fyrirlagi Sýslumannafélags Íslands á árinu 2005.

## **8. Vinnutími.**

Fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, hefur undirritað samning um framkvæmd tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/104 EB, frá 23. nóvember 1993, um ákveðna þætti er varðar skipulag vinnutíma. Embættið hefur tekið til skoðunar og eftirbreytni alla þætti er varða lágmarkshvildartíma og vinnutímaskipulag með það í huga að samræma þá skipulagi embættisins. Vinnutími aðalskrifstofu er aðallega milli kl. 8:00 til kl. 16:00 en sólarhringsvaktir eru hjá lögreglu. Lögreglan á Akranesi er eina liðið á Vesturlandi sem hefur sólarhringsvaktir og þess ber að geta að það er eina liðið í námunda við þjóðveg 1 allt til Akureyrar sem hefur slíka viðveru.

Vaktaskipan lögreglunnar á Akranesi er álagstengd sem endurspeglast í vaktaskipan hennar. Rannóknarlögreglumaður og yfirlögregluþjónn eru ekki á vöktum heldur í dagvinnu og á öðrum tímum eftir þörfum.

Til skoðunar er svokallað valkvætt vaktakerfi þar sem lögreglumennirnir setja fram óskir um vaktir sem er síðan raðað eftir mannaflaþörf, áætlaðri af yfirstjórn, og með hliðsjón af óskum annara lögreglumanna. Óskir hafa verið settar fram í kerfið en fyrsta útkoma var ekki í samræmi við væntingar. Áfram verður unnið að innleiðingu nýs vaktakerfis í samvinnu við félag lögreglumanna á Akranesi og vonast er til að það verði prufukeyrt í 6 mánuði til að byrja með og árangur þess metinn að þeim tíma loknum.

## **9. Umhverfismál.**

Í febrúar 1997 voru samþykktar í ríkisstjórn tillögur umhverfisráðherra um umhverfisstefnu í ríkisrekstri í samræmi við samþykktir Efnahags- og framfarastofnunar OECD frá mars 1996. Embættið mun á áætlunartímanum leitast við að fylgja tillögunum með því að móta heildarumhverfisstefnu varðandi pappírnotkun, umbúðarnotkun, endurnýtingu. o.fl. Að hluta til er komin fram stefna með til dæmis takmarkaðri notkun einnota drykkjarmála. Ljóst er þó að endurnýting skrifstofupappírs er verulega háð stefnu sveitarfélagsins í flokkun á úrgangi og möguleikum á endurnýtingu sem þau bjóða upp á. Reynt verður að nýta þá möguleika sem sveitarfélagið býður upp á við endurnýtingu á pappír.

Farið verður eftir þeirri stefnu sem boðuð er um umhverfisvæn innkaup sem umhverfisráðuneytið hefur boðað til svo sem með athugun á endurnýtingarhlutfalli skrifstofutækja.

## 10. Gagnaeyðing.

Gögn sem prentuð eru út úr tölvukerfum embættisins hafa að geyma persónulegar upplýsingar um þann sem þær varða. Nauðsynlegt er að persónutengdar upplýsingar berist ekki frá embættinu til óviðkomandi. Til embættisins voru keyptir tveir pappírstætarar á árinu 1999 til notkunar á aðalskrifstofu og hjá lögreglu. Sá tætrari sem er staðsettur hjá lögreglu tætir pappírinn bæði langsum og þversum. Þriðji pappírstætarinn var keyptur í upphafi árs 2005 fyrir aðalskrifstofu en hann er mun afkastameiri en forveri hans.

Embættið hefur markað þá stefnu að öll persónutengd gögn, sem ekki eru skilaskyld til Þjóðskjalasafns, skuli farga í pappírstæturum þannig að aldrei komi til þess að persónutengdar upplýsingar fari í sorpi frá embættinu þannig að þær geti borið fyrir augu óviðkomandi aðila.

Embættið mun tileinka sér og taka í notkun nýja vélfærða bréfadagbók sem verður keyrð miðlægt frá TMD og ganga frá erindum sem embættinu berast í samræmi við það kerfi.

## 11. Skjalavarsla.

Við starfsemi embættisins verður til verulegt magn skjala sem embættið hefur skilaskyldu á gagnvart Þjóðskjalasafninu. Vel er búið um skjölin í rúmgóðum skjalageymslum embættisins og lögð áhersla á góðar merkingar þannig að uppgjör og skil til Þjóðskjalasafnsins gangi greiðlega fyrir sig. Engu að síður er ljóst að skjalageymslur taka ekki endalaust við auk þess sem áhætta felst í því að vista skjöl er spanna langt tímabil í skjalageymslum embættanna.

Huga þarf því að reglulegum skilum til safnsins þannig að skil séu unnin jafnt og þétt og frágangur á skilum verði viðunandi fyrir bæði embættið og safnið. Embættið mun því leitast við að setja af stað vinnu við bréfun skila og leita eftir samstarfi á því sviði við Þjóðskjalasafnið auk þess að fá fram verklag um grisjun þeirra skjala sem ekki ber að skila til safnsins.

## *IX. Lokaorð.*

Langtímaáætlun þessi fyrir árin 2005-2009 er önnur sinnar tegundar sem gerð er við embætti sýslumannsins á Akranesi. Gerðar voru rekstraráætlanir og verkefnavísar fyrir hvert ár fram til ársins 2000 og má segja að þær áætlanir hafi falið í sér marga óorðaða forsenduna sem mörkuðu grunninn að hinni tölfræðilegu niðurstöðu sem þær birtu. Í langtímaáætluninni eru þessar forsendur dregnar fram og gerðar sýnilegri sem ætti að auka líkurnar á því að markmiðin náist. Við gerð þessarar áætlunar var horft til þess hvernig til tókst með áætlun 2000-2003 og bætt úr þeim atriðum sem betur máttu fara. Sum þeirra deilimarkmiða sem sett voru fram reyndust ekki raunhæf og voru þau annaðhvort lagfærð eða þeim sleppt. Fjöldmörg ný deilimarkmið eru nú sett fram í þeirri viðleitni að styrkja innleiðingu árangursstjórnunar inn í rekstur embættisins enn frekar.

Við leit og gerð markmiða voru fjöldmörg atriði í starfsemi embættisins tekin til skoðunar í ljósi meginmarkmiða langtímaáætlunar til að meta hvort hægt sé að setja fram tiltekin deilimarkmið. Sú skoðun hratt í framkvæmd nokkrum smávægilegum breytingum sem allar voru til bóta. Tíminn mun síðan skera úr um hvort þau markmið sem hafa verið valin geti talist raunhæf og hvort mælikvarðar sem valdir voru teljist heppilegir. Yfirferð um það er að vænta í ársskýrslum embættisins á tímabilinu.

Fyrsta skref í átt til árangursstjórnunar sem verkfæri í starfsemi embættisins er að semja raunhæfa áætlun sem leiðarljós fyrir embættið og nota hana sem rekstrartæki á áætlunartímanum. Með aukinni reynslu og þekkingu stjórnenda og starfsmanna má seinna meir gera hana markvissari í því skyni að ná enn frekar settum markmiðum.

Við gerð þessarar langtímaáætlunar og í ljósi nýútgefinnar skýrslu um nýskipan löggæslu kemur fram áleitin spurning um hvert sýslumannsembættin í landinu stefna. Þrátt fyrir að embættunum sé lagt fyrir að þau geri langtímaáætlun um starfsemi sína þá er ekki fyrir að fara heildarstefna um starfsemi þessara ríkisstofnana sem hafa þó verið við líði um alllangt skeið. Er brýnt og nauðsynlegt að úr því verði bætt en það telst ekki vera á færi einstakra stofnana þar sem stefnumótun þessi kemur inn á pólitíska þætti.

Akranes 3. febrúar 2005  
Sýslumaðurinn á Akranesi,

Ólafur Þ. Hauksson.